



Ársyfirlit og áramótakveðja frá sveitarstjóra Súðavíkurhrepps

Súðavík, 31.12.2009

Nú er liðið rúmt ár frá því að fjármálakreppan skall á hér á landi. Enn má sjá sterk áhrif af hennar völdum, hvort sem er hjá ríki, sveitarfélögum, bönkum, í atvinnulífinu, eða á íslenskum heimilum. Áhrifin eru mikil og erfitt að sjá hvenær jafnvægi verði náð í þjóðarbúskapnum. Miklar líkur eru þó á því að ákveðnum botni sé náð eða honum verði náð fljótlega og eftir það liggur leiðin upp á við, við að endurreisa íslenskt efnahagskerfi með öllu sem því fylgir.

Við samanburð á áhrifum kreppunnar má sjá að hún hefur ólík áhrif á þau tvö efnahagskerfi sem í landinu eru, þ.e. hagkerfi höfuðborgarsvæðisins og nágrenni þess og síðan landsbyggðarinnar.

Þar má ætla að áhrif af völdum ákvarðana ríkis auki verulega á áhrif kreppunnar vegna margvíslegrar niðurskurðar sem bitnar mun verr á landsbyggðinni og bætist við þann vanda sem hún hefur átt við að stríða allt frá árinu um 1940 þegar íbúum fór að fækka víðast hvar á landsbyggðinni.

Til margra ára hafa landsbyggðar sveitarstjórnarmenn þrýst á stjórnvöld um jöfnun atvinnu- og búsetuskilyrða milli landsvæða. Það er margþætt verkefni og hefur m.a. falið í sér þrýsting á stjórnvöld um að flytja opinber störf út á land eða skapa þar ný störf þegar tækifæri hafa gefist til.

Þannig hafa gegn um tíðina skapast opinber störf á landsbyggðinni en nú þegar illa árar eru mörg þeirra starfa í uppnámi. Mörg þeirra hafa nú þegar verið lögð niður, sameinuð öðrum eða verkefni flutt á höfuðborgarsvæðið.

Á viðkvæmum svæðum landsbyggðarinnar má segja að hvert starf sé dýrmætara en það er á höfuðborgarsvæðinu. Ástæðan er sú að þegar þjóðin fer að vinna sig út úr kreppunni þá mun höfuðborgarsvæðið verða mun fljótara að jafna sig og vinna til baka þau störf sem tapast. Mikil hætta er þá á því að landsbyggðin sitji eftir sem auki enn frekar á þann vanda sem dreifðar byggðir landsins búa við.

Það er jafnframt slæmt og að vissu leyti undarlegt að hafa á svokölluðum þenslutíma eða góðæristíma sem stóð yfir á árunum 2007 og 2008 þurft að mæta niðurskurði á opinberum framkvæmdum á Vestfjörðum í því skyni að draga úr þenslu sem sýndi sig hvað sterkast á höfuðborgarsvæðinu, en sýndi sig nánast ekkert í dreifðum byggðum landsins. Þegar fjármálakreppan kom síðan í kjölfarið, þá var ekki hikað við að skera niður á landsbyggðinni til jafns við þá staði þar sem þenslan hafði verið hvað mest.

Í því sambandi hefði verið mikilvægt að viðurkenna að á Íslandi eru tvö ólík hagkerfi. Ef horft hefði verið til þess hefði mátt standa mun betur vörð um það sem hefði áunnist á landsbyggðinni og því leyft að halda sér.

Íbúapróun á Vestfjörðum er dæmi um alvarlega langvarandi neikvæða byggðapróun. Árið 1940 voru íbúar Vestfjarða samtals 13.130. Í lok ársins 2008 voru íbúar Vestfjarða komnir niður í 7.299. Það er 44,4% fækkun á aðeins 68 árum, sem reiknast fækkun að meðaltali um 86 manns á ári þessi 68 ár.



Þeir sem eru ábyrgir fyrir þeirri þróun eru að einhverju leyti kjörnir sveitarstjórnarmenn en mestu ábyrgðina bera stjórnvöld, sem falið var það hlutverk að tryggja sem jöfnust skilyrði til búsetu og atvinnulífs á öllu landinu, þar með talið í dreifðum byggðum landsins sem gæti stuðlað að því að íbúapróun héldist þar í jafnvægi eða jafnvel í vexti.

Hvað þennan þátt varðar þá hefur stjórnvöldum mistekist. Þeim hefur skort vilja og afleiðingin eru veikar byggðir um allt land vegna þróunar sem hefur staðið yfir í hartnær 70 ár.

Vissulega má sjá sambærilega þróun víða úti í heimi þar sem dreifðar byggðir hafa verið að gefa eftir, meðan höfuðborgir og nágrenni þeirra hafa vaxið að sama skapi. En staðreyndin er sú að hvergi er betra að sporna við slíkum vanda en hjá einsleitri þjóð sem telur aðeins 320 þúsund manns, býr á afskekktu eyju og hefur yfirlýsta stefnu stjórnvalda um að halda öllu landinu í byggð.

Það þarf að snúa þessari þróun við, en það gerist ekki nema með því að hugarfarsbreyting eigi sér stað meðal kjörinna þingmanna. Í verkefnið þarf einbeittan vilja, getu og sterka framtíðarsýn.

En þá að málum Súðavíkurhrepps

Súðavíkurhreppur hefur ekki farið varhluta af núverandi efnahagsástandi sem aðallega sýnir sig í ákveðinni biðstöðu vegna óvissu um hvað framundan er í þjóðarbúskapnum.

Ef fyrst er farið yfir fjármál sveitarfélagsins þá var fjárhagsáætlun Súðavíkurhrepps fyrir árið 2009 samþykkt í janúar sl. Þar var gert ráð fyrir hagnaði eftir fjármagnsgjöld og afskriftir að upphæð kr. 3,6 millj. Það verður að teljast gott á tímum sem mörg sveitarfélög eru að takast á við alvarlegan fjárhagsvanda sem óvíst er að takist að leysa úr nema með beinni aðkomu ríkisvaldsins.

Fjárhagsáætlun Súðavíkurhrepps fyrir árið 2009 var síðan endurskoðuð í maí 2009. Var þá farið í gegn um forsendur allra rekstrareininga, hagrætt þar sem mögulegt var og öðrum forsendum breytt. M.a. var ákveðið að setja einn stjórnanda yfir Súðavíkurskóla sem telur leik – og grunnskóla og tónlistardeild, en áður hafði hver deild haft sinn stjórnanda.

Í samþykktri endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2009 var gert ráð fyrir rekstrarafgangi að upphæð kr. 4.7 millj.

Allar líkur eru á því að reksturinn verði í samræmi við áætlun sem ber að þakka mikilli samstöðu og góðan vilja þeirra sem hafa með fjármuni sveitarfélagsins að gera.

Leit að heitu vatni í Álftafirði

Öðrum áfanga í leit að heitu vatni í Álftafirði var lokið á árinu. Alvarr ehf sá um dýpkun einnar af þeim holum sem boruð var árið 2006 og gaf góða vísbendingu um að hitakerfi væri að finna á svæðinu.

Sú borhola var um 100 metra djúp og fyrirhugað var að dýpta hana niður á 350 metra. Þegar komið var niður á 280 metra dýpi, brotnaði krónan sem er aðalhluti borsins og var ekki komist lengra þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Á 280 metra dýpi voru gerðar athuganir og mældist hitinn þar 28°C.



Væntanleg er skýrsla frá Íslenskum orkurannsóknum (ÍSOR) um niðurstöðuna á dýpkun holunnar ásamt tillögu um framhald verksins en samkvæmt samtölum við forsvarsaðila ÍSOR eru niðurstöðurnar ekki eins góðar og vænst hafði verið.

Umræða hefur jafnframt verið um hvort mögulegt sé að nýta heitt vatn úr Reykjanesi þar sem er yfir 100°C heitt vatn að finna. Fjarlægð milli Reykjanes og Súðavíkur eru í hagkvæmstu leið um 30 km og er framkvæmanlegt að flytja heitt vatn í pípum bæði í sjó og á landi slíkar vegalengdir, en spurningin er með stofn- og rekstrarkostnað af slíkri aðferðafræði. Með jarðgöngum milli Súðavíkur og Ísafjarðar mætti síðan nýta það heita vatn á Ísafirði og jafnvel víðar. Vonir standa til að úttekt verði gert á þessu á árinu 2010.

Sumarbyggð hf, sjóstangveiði

Tæplega 1.000 manns komu sl. sumar á vegum Sumarbyggðar hf til að stunda sjóstangveiði í Súðavík, Tálknafirði og á Bíldudal en það er svipaður fjöldi og kom á vegum félagsins árið 2008 og er sem áður langstærsti hluti gestanna frá Þýskalandi. Í sumar nk. er áætlað að Sumarbyggð útvíkki starfsemi sína og verði með þjónustu í Bolungarvík þar sem að nokkrir sjóstangveiðibátar verða gerðir út.

Birnustaðamálið

Í júlí sl. felldi Héraðsdómur Vestfjarða úr gildi úrskurð úrskurðarnefndar Skipulags- og byggingamála um niðurfellingu byggingarleyfis fyrir vélaskemmu á Birnustöðum í Laugadal í Ísafjarðardjúpi. Eigendur sumarhússins, sem kærðu útgáfu byggingarleyfisins á sínum tíma hafa áfrýjað niðurstöðu Héraðsdóms Vestfjarða til Hæstaréttar og er niðurstöðu að vænta þaðan í vor.

Melrakkasetur / Eyrardalsbærinn

Árið var viðburðarríkt hjá Melrakkasetri Íslands ehf. Unnið var að rannsóknum á ref, sjónvarpstökumenn voru aðstoðaðir við myndatöku á ref í sínu náttúrulega umhverfi, upplýsingagjöf veitt ýmsum um atferli refsins og unnið að undirbúningi fyrir sýningu Melrakkaseturs í Eyrardalsbænum sem opnuð verður formlega í júní nk.

Einnig hefur mikið verið unnið við endurbyggingu Eyrardalsbæjarins sl. mánuði við pípulagnir, raflagnir og fl. Í sumar er áætlað að neðri hæð hússins verði tekin í notkun og fyrirhugað er síðan að taka efri hæðina í notkun sumarið 2011.

Atvinnumál

Samkvæmt stefnumörkun Súðavíkurhrepps 2005 til ársins 2010 er stutt við fyrirtæki sem sýna fram á viðbótarstörf í sveitarfélaginu. Um er að ræða endurgreiðslu útsvars sem tilkomið er vegna nýrra starfa. Atvinnumálastyrkjum er eftiráúthlutað og vegna ársins 2008 var úthlutað kr. 760.848.

Á árinu urðu nokkrar breytingar á atvinnuháttum í sveitarfélaginu. Þær helstu eru að veitingastaðurinn Amma Habbý hætti starfsemi í Súðavík á árinu og flutti í Edinborgarhúsið á Ísafirði. Rekstur Ferskvinnslunnar ehf við Njarðarbraut var seldur á árinu til Sumarbyggðar hf.

Af starfandi fyrirtækjum er það helst að fréttu að Murr fór í Urr á árinu. Murr ehf byrjaði með Murr kattamat og bætti síðan við á árinu smáhundamat undir nafninu Urr. Ánægjulegt hefur verið að fylgjast með velgengi verksmiðjunnar og eru miklar væntingar gerðar til hennar, um að starfsemin megi vaxa og dafna enn frekar í Súðavík.



Pokabeituverksmiðjan Bernskan ehf hafði varla undan allt árið við að sinna eftirspurn eftir pokabeitu. Markaður í Noregi hefur einnig verið að styrkjast og samkvæmt forsvaraðilum félagsins er áætlað innan tíðar að taka í notkun pokabeitubeitningavélar sem beita pokabeitunni beint á krókana um borð sem verður mikill bylting í allri línuveiði.

Almennt um sameiningu sveitarfélaga

Samgönguráðherra hefur undanfarin ár lagt mikið upp úr því að fækka sveitarfélögum enn frekar með sameiningum.

Að beiðni samgönguráðuneytisins sem fer með málaflokk sveitarfélaga samþykktu sveitarfélögin þrjú við Djúp þ.e. Súðavíkurbreppur, Ísafjarðarbær og Bolungarvíkurkaupstaður að láta gera úttekt á kostum og göllum mögulegrar sameiningar sveitarfélaganna þriggja í eitt. Var skipuð nefnd til að sjá um verkefnið sem var gefið nafnið, 100 daga nefndin. Hlutverk 100 daga nefndarinnar var að klára úttektina á innan við 100 dögum. Að úttektinni komu fjölmargir nefndarmenn sveitarfélaganna en kostnaður vegna úttektarinnar var greiddur af samgönguráðuneytinu. Niðurstöður eiga að liggja fyrir í janúar nk. og verða þær þá kynntar íbúum sveitarfélaganna.

Jafnframt hefur verið til umræðu innan samgönguráðuneytisins að setja lög um lágmarksíbúafjölda í hverju sveitarfélagi sem mundi, ef það yrði samþykkt þvinga minni sveitarfélögin til að sameinast án þess að íbúar hefðu nokkuð um það að segja.

Sveitarstjórn Súðavíkurbrepps hefur verið alfarið á móti þeirri aðferðafræði. Aðstæður sveitarfélaga og byggða eru mjög mismunandi og réttar forsendur fyrir sameiningu sveitarfélaga eru að þau verði öflugri eftir sameiningu en fyrir sameiningu og grundvallaratriði er að samgöngur milli staðanna séu með þeim hætti að íbúarnir upplifi sig í sveitarfélagi sem sé í raun heilstætt atvinnu- og byggðasvæði.

Einnig er mikilvægt að standa vörð um þann lýðræðislega rétt íbúanna, um að þeir geti valið sjálfir í hvernig sveitarfélagi þeir vilja búa og að tillögur um sameiningu sveitarfélaga verði því bornar undir íbúanna sjálfa.

Sú sýn hefur verið höfð að leiðarljósi hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um langa tíð um að valdið eigi að vera hjá íbúunum og styður það við það grundvallarsjónarmið að sveitarfélögin í landinu séu fyrir íbúanna en ekki fyrir ríkið.

Garðstaðamálið

Í ágúst sl. var gert stöðumat á Garðstöðum af Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða. Í því stöðumati kom fram að á jörðinni væru 503 bifreiðaflök og hafði þeim þá fjölgað um 34 á síðustu þremur árum.

Þar sem ekki hafði náðst árangur um hreinsun á jörðinni af samvinnu sem stofnað var til við umráðamann jarðarinnar á árinu 2006 var ákveðið að beina þeim tilmælum til Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða um að það gripi til aðgerða og fjarlægði það brotajárn er finna má á jörðinni. Er þess nú beðið að Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða beiti sér í því máli samkvæmt þeirra starfsviði.



Framundan á árinu 2010.

Árið 2009 var að mörgu leiti rólegra hjá Súdavíkurhreppi en síðustu ár þar á undan. Það sem einkenndi árið 2009 var óvissa, samdráttur, hagræðing sem leiddi síðan af sér ákveðna biðstöðu. Þessa biðstöðu er farið með inn í árið 2010.

Væntingar eru þó til þess að ekki verði þess langt að bíða að hjól atvinnulífsins fari að snúast af meiri hraða og festu með hækkandi sól og innan 12 til 18 mánaða munum við sjá miklar jákvæðar breytingar hafa átt sér stað.

Eitt af þeim verkefnum sem Súdavíkurhreppur hefur tekið þátt í árinu er að skoða möguleikann á því að setja upp landgengar sjókvíar við suðurkantinn sem yrðu síðan leigðar út til rannsóknaraðila, eldisfyrirtækja og menntastofnana. Lokið var við forkönnun á sl. ári um verkefnið sem gaf góðar niðurstöður. Verkefninu verður síðan haldið áfram á árinu 2010.

Súdavíkurhreppur hefur staðið í endurbyggingu Eyrardalsbæjar frá árinu 2005 með dyggri aðstoð Húsafriðunarsjóðs og fjárlaganefndar Alþingis. Húsið er orðið stórglæsilegt að innan sem utan og er mikil þryði af því þar sem það stendur. Endurbygging bæjarins mun halda áfram á árinu 2010 þar sem áhersla verður lögð á að gera neðri hæð hússins tilbúna undir sýningu Melrakkaseturs Íslands sem verður opnuð í júní nk. eins og áður sagði.

Í skoðun hefur verið er að gera töluverðar endurbætur á veitingastaðnum Jóni Indíafara sem hefur verið starfræktur í Álftaveri til nokkurra ára. M.a. hefur staðurinn þótt heldur of lítill og er því í skoðun að stækka hann þannig að hann taki 50 til 60 manns í sæti og jafnframt að veita staðnum andlitslyftingu. Ef af því verður er áætlað að því verði lokið fyrir maí nk.

Þrátt fyrir góðan vilja er ekki hægt að kortleggja árið 2010 mjög ýtarlega umfram það sem hér hefur verið talið upp þar sem að sveitarstjórnarkosningar fara fram 29. maí nk. Það mun því koma í verkahring nýrrar sveitarstjórnar að fara yfir það sem áunnist hefur, þau verkefni sem í gangi eru og taka ákvarðanir um framhaldið.

Að því sögðu þakka ég starfsfólki og íbúum sveitarfélagsins fyrir góð og gefandi samskipti á árinu sem er líða og óska þeim jafnframt sem og landsmönnum öllum gleðilegs nýs árs með von um að það verði gott og gæfuríkt fyrir okkur öll.

Bestu kveðjur,
Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri